

Alþingi,
fjárlaganefnd
Austurstræti 10-14
101 Reykjavík
(sent rafrænt nefundasvid@althingi.is)

Ísafirði 24. maí 2016.

Umsögn um fjármálastefnu 2017-2021, þingskjal 741, 145. löggjafarþing.

Fjármálastefna leggur áherslu á jafnvægi í opinberum fjármálum ríkis og sveitarfélaga til lengri tíma litið. Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) lýsir stuðningi við þá aðferðarfræði sem hér er sett í framkvæmd með langtíma áætlunargerð. Áætlunin byggir á grunni annarra áætlana sem ríkið og eða Alþingi hafa afgreitt auk stefnumörkunar ráðuneyta. Nú er með einfaldari hætti hægt að hafa heildaryfirlit og fylgja eftir verkefnum stjórnvalda.

FV bendir hinsvegar á að staða landshluta er mismunandi með tilliti til samsetningar atvinnulífs, þróun hagvaxtar og lýðfræðileg þróun, eins og lýst er ágætlega í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ sem unnin var fyrir Byggðastofnun („Hagvöxtur landshluta“ (des 2015)). Skýrslan var mjög skýr um að hafa beri verulegar áhyggjur af stöðu Vestfjarða m.t.t. til lágs hagvaxtar og alvarlegri íbúaþróun.

FV beinir því til Alþingis að fjármálastefna verði sett fram með ýtarlegri hætti þar sem tekið er tillit til stöðu landshluta.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri